



Töluverður fjöldi sótti laugar landsins í gær en gestir Sundlaugar Kópavogs svömluðu um í bliðskaparveðri og nutu geisla sólarinnar sem skein skært. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fasteignagjöldin aldrei hærri

Aðalhogfræðingur Samtaka iðnaðarins segir að sveitarfélög geti ekki verið stíkkfrí í hagstjórninni. Þau þurfi að aðstoða heimili og fyrirtæki við að takast á við efnahagsáfallið. Hærri skattar geri hið gagnstæða.

EFNAHAGSMÁL Fasteignagjöld á atvinnuhúsnæði í ár og á næsta ári hafa aldrei verið hærri. Á sama tíma er glímt við dýpstu niðursveiflu í 100 ár. Fyrirtæki munu greiða um 28 milljarða á þessu ári og aðra 28 milljarða á næsta ári. Skattarnir hafa hækkað um nær 50 prósent að raunvirði frá árinu 2015 og 20 prósent frá 2018 þegar niðursveiflan í efnahagslífinu hófst. Þetta kemur fram í greiningu Samtaka iðnaðarins. „Það þarf að bregðast skjótt við vaxandi skattheimtu sveitarfélaga í ljósi þess hve niðursveiflan er djúp,“ segir Ingólfur Bender, aðalhogfræðingur Samtaka iðnaðarins, í samtali við Fréttablaðið.

„Lækkun fasteignagjalda mun hjálpa til við að draga úr þessari djúpu niðursveiflu, verja fyrirtæki og leiða til þess að atvinnurekendur geti haft fleiri í vinnu. Sveitarfélögin geta ekki verið stíkkfrí í hagstjórninni. Allir þurfa að leggja hönd á plóg,“ bætir hann við. Samkvæmt greiningu Samtaka iðnaðarins munu íslensk fyrirtæki greiða rúmlega eitt prósent af landsframleiðslu í fasteignaskatta til sveitarfélaga á þessu ári. Til samanburðar var skattheimtan ríflega 0,7 prósent fyrir fimm árum. Skattheimtan er jafnframt há í erlendum samanburði en hlutfallið er að meðaltali tæplega 0,4 prósent í iðnvæddum ríkjum.

Sveitarfélögin ættu nú að lækka fasteignaskatta og fella niður gjalddaga til að mæta efnahagssamdrættinum.

Ingólfur Bender, aðalhogfræðingur Samtaka iðnaðarins



Ingólfur segir að það sé verkefni hins opinbera og Seðlabankans að draga úr niðursveiflunni og undirbyggja viðspyrnu hagkerfisins

með því að draga úr álögum, auka útgjöld, lækka stýrivexti og auka útlánagetu bankakerfisins. „Sveitarfélög eru stór þáttur af umsvifum hins opinbera. Þau þurfa að aðstoða heimili og fyrirtæki við að takast á við efnahagsáfallið. Hærri fasteignaskattar gera hið gagnstæða,“ segir hann og nefnir að almennt sé leitast við að draga úr álögum í niðursveiflu. Ingólfur segir að sveitarfélögin hagi sér með þveröfugum hætti í þessari skattheimtu. „Sveitarfélögin ættu nú að lækka fasteignaskatta og fella niður gjalddaga til að mæta efnahagssamdrættinum,“ segir hogfræðingurinn. – hvj

Festu kaup á umdeildum húsgrunni

FASTEIGNIR Fjármálaráðuneytið keypti umdeildan steyptan grunn á sumarhúsalóð í Þingvallabjörggarði á 35 milljónir króna. Framkvæmdir á staðnum stöðvuðust árið 2008 og hefur málið síðan reynst erfitt.



Einar Á. E. Sæmundsen, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum.

„Þetta er niðurstaða sem byggir á þeim heimildum og samningum sem eru í gildi. Hún þýðir að það mun ekki rísa sumarbústaður þarna,“ segir Einar Á. E. Sæmundsen, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum. Næsta verkefni sé að ákveða hvað verði um grunninn. – gar / sjá síðu 2




ALVÖRU MATUR

Á ÖRFÁUM MÍNÚTUM



Veður



Norðan 5-13 m/s í dag, en 10-18 austast. Skúrir eða slydduél norðaustan- og austanlands, léttskýjað sunnan og vestan til, annars skýjað en þúrt að kalla. Hiti 1 til 8 stig, en hiti að 14 stigum suðvestan til yfir daginn.

SJÁ SIÐU 14



Helga Steffensen var Reykvingur ársins 2019. FRÉTTABLAÐIÐ/BJARNI

Reykvíkinga ársins leitað

SAMFÉLAG Reykjavíkurborg leitar nú að Reykvíkingi ársins 2020. Óskað er eftir ábendingum um borgarbúa sem hefur verið öðrum til fyrirmyndar eða sýnt af sér háttsemi eða atferli sem kemur borginni til góða.

» Frestur til þess að senda ábendingu um Reykvíking ársins er til 15. júní næstkomandi.

Er þetta í tíunda sinn sem staðið er fyrir þessu vali en í fyrra var Helga Steffensen, stjórnandi Brúðubílsins, Reykvíkingur ársins.

„Fjölmargir Reykvíkingar vinna óeigingjarnt starf í þágu borgarinnar án þess að það fari hátt. Þessu fólki ber að þakka. Ég hvet alla þá sem vita af slíkum einstaklingum að senda inn tilnefningu um Reykvíking ársins 2020,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

Hægt er að senda ábendingar um einstaklinga sem koma til greina ásamt rökstuðningi á netfangið hugmynd@reykjavik.is eða bréflaga til skrifstofu borgarstjóra fyrir mánudaginn 15. júní.

Að venju mun Reykvíkingur ársins renna fyrstur fyrir lax í Elliðaánum ásamt borgarstjóra í boði Stangaveiðfélags Reykjavíkur. – sar

Framkvæmdagleði í Vesturbænum



Sumarið er tíminn til þess að lappa upp á götur bæjarins sem hafa látið á sjá eftir frosthörkur vetrarins. Verktakar voru í sannkölluðu sumarskapi þegar þeir fræstu malbikið á vígalegum ökutækjum sínum í götunum við Meistaravelli í Vesturbænum í Reykjavík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Lufthansa flýgur til Íslands í júlí

SAMGÖNGUR Þýska flugfélagið Lufthansa hefur ákveðið að hefja flug á nýjan leik til Íslands í júlí. Þetta kom fram á vefsíðunni turisti.is. Þar segir að fyrsta kastíð muni þotur Lufthansa fljúga hingað vikulega tvisvar í viku frá Frankfurt og frá München.

Andreas Köster, svæðisstjóri hjá Lufthansa, segir í samtali við vefsíðuna að fyrstu vikurnar verði flogið frá Frankfurt á fimmtudögum og laugardögum en frekari flugáætlun hafi ekki verið negld niður. Það mun skýrast á næstu viku.

Fyrir kórónaveirufaraldurinn flaug Lufthansa til og frá Íslandi allt árið um kring frá Frankfurt og yfir sumarmánuðina frá München. Ferðabanni til Íslands verður formlega aflétt með skilyrðum 15. júní næstkomandi. – hó

Fengu Þingvallagrunn keyptan á 35 milljónir

Samið hefur verið um kaup ríkisins á umdeildum steypugrunni á Þingvöllum fyrir 35 milljónir króna. Gengið var frá viðskiptunum þegar þjóðgarðurinn vildi láta kanna hvort ekki mætti fjarlægja grunninn á kostnað eigandans.

FASTEIGNIR Fjármálaráðuneytið hefur keypt umdeildan steiptan grunn á sumarhúsaloð í Þingvallabjörgarði á 35 milljónir króna.

Á Valhallarstíg nyrðri 7 við Þingvallavatn er steiptur grunnur að 159 fermetra sumarhúsi sem til stóð að byggja eftir að bústaður sem þar hafði staðið var rifinn. Eftir að steiptur hafði verið upp grunnur stöðvaði byggingarfulltrúi framkvæmdir 3. október 2008 í kjölfar þess að byggingarstjórinn hafði sagt sig frá verkinu. Ekkert hefur síðan verið gert á staðnum.

Hjónin Bogi Pálsson og Sólveig Lára Magnúsdóttir áttu grunninn sem fyrir um einu og hálfu ári komst í eigu föður Boga, Páls Samúelssonar, eftir að Þingvallanefnd hafnaði því að neyta forkaupsréttar og ganga inn í kaupþilboð Páls – upp á 70 milljónir króna – eða helmingi hærri upphæð en ríkið hefur nú greitt. Grunnurinn stendur á leigulöð í eigu ríkisins.

Lögmaður þjóðgarðsins sendi byggingarfulltrúa Uppsveita Árnes-sýslu erindi í október síðastliðnum og spurðist fyrir um hvort byggingarfulltrúinn gæti ekki beitt ákvæði í lögum um mannvirki vegna Valhallarstígs nyrðri 7.

„Umbjóðandi minn ítrekar að hann telur almenningi stafa hætta af umræddum grunni og einnig er grunnurinn veruleg lýti á þjóðgarðinum og telur umbjóðandi minn eðlilegt að umræddur grunnur verði fjarlægður af löðinni,“ undirskrifaði lögmaðurinn í næsta bréfi til byggingarfulltrúans í nóvember.

Í desember spurðist Páll Samúelsson fyrir um það hvað gera þyrfti svo hann gæti fengið endurnýjað



Grunnurinn þykir hættulegur og lýti á þjóðgarðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

Þetta er staðfesting á stefnu sem Þingvallanefnd hefur markvisst unnið eftir og lýtur að því að það muni ekki rísa fleiri sumarhúsaðir innan þjóðgarðsins.

Einar Á. E. Sæmundsen, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum



byggingarleyfi á grunninum. Eignin væri í söluferli og að með byggingarleyfi yrði auðveldara að selja. Þá kveðst Einar Á. E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður hafa gripið inn í atburðarásina. Haft hafi verið samband við Pál sem tekið hafi jákvætt í að selja.

„Þau samskipti enduðu á því að við fengum mat frá fasteignasala,“ segir Einar sem kveður þar með hafa verið kominn grundvöll til að ríkið næði til sín eigninni og niðurstaða fengist í erfitt og langdregið mál.

„Þetta er niðurstaða sem byggir á þeim heimildum og samningum sem eru í gildi. Hún þýðir að það mun ekki rísa sumarhúsaðir þarna. Og þetta er staðfesting á stefnu sem Þingvallanefnd hefur markvisst unnið eftir og lýtur að því að það muni ekki rísa fleiri sumarhúsaðir innan þjóðgarðsins,“ segir Einar. Næsta verkefni sé að ákveða hvað verði um steypugrunninn.

„Viljum við nýta þetta mannvirki og breyta í aðstöðusköpun fyrir þjóðgarðinn eða förum við í mat á því að láta fjarlægja það? Í raun sé ég alveg möguleikann á því að geta nýtt þetta,“ segir þjóðgarðsvörður. gar@frettabladid.is

MIKIÐ ÚRVAL
Á LAGER

Parket dagar

Skútuvoði 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

ht.is

OPIÐ ALLA HELGINA

HELGARTILBOÐ

Í HEIMILISTÆKJUM OG TÖLVULISTANUM!



SAMSUNG
20-30%
AFSLÁTTUR

VALIN HEIMILISTÆKI
FRÁ SAMSUNG!



KENWOOD
25%
AFSLÁTTUR

BÍLAMYNDAVÉLAR



SHARP
20%
AFSLÁTTUR

SHARP SJÓNVÖRP



Heimilistæki



CORSAIR
20%
AFSLÁTTUR

ALLT FRÁ CORSAIR



CORSAIR
20%
AFSLÁTTUR

FJÖLBREYTT
VÖRUÚRVAL!

tl.is

**TÖLVU
LISTINN**

Gildir 5. - 8. júní

REYKJAVÍK · AKUREYRI · EGILSSTAÐIR · REYKJANESBÆR · SELFOSS · AKRANES



Enginn kjörstaður er á Völlunum í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Vill fjölga kjörstöðum

HAFNARFJÖRÐUR Samfylkingin í Hafnarfirði vill fjölga kjörstöðum til að bæta aðgengi íbúanna. Kjörstjórn hefur ákveðið að kjörstaðir fyrir forsetakosningarnar verði tveir, Lækjarskóli og Viðistaðaskóli. Adda María Jóhannsdóttir, oddviti Samfylkingarinnar, lagði fram tillögu í bæjarráði í gær um að bætt verði við kjörstað í Vallahverfi.

» Aðeins 58 prósent kjörsókn var í sveitarstjórnarkosningum í Hafnarfirði árið 2018.

Íbúafjölgun hefur verið mest sunnan Reykjanesbrautar, og þá sérstaklega í Skarðshlíð. Þeir íbúar þurfa hins vegar að kjósa í Lækjarskóla.

Kjörsókn í sveitarstjórnarkosningunum í Hafnarfirði árið 2018 var afar dræm, aðeins 58 prósent. – khh

Rannsóknirnar á lokastigum

LÖGREGLUMÁL Rannsókn lögreglu á meintu manndrápi í Sandgerði í mars er langt komin að sögn Ólafs Helga Kjartanssonar, lögreglustjóra á Suðurnesjum. Karlmaður á sex-tugsaldri hefur setið í gæsluvarðhaldi vegna málsins síðan í byrjun apríl en hann var handtekinn fjórum dögum eftir andlát sambýliskonu hans. Heimildir herma að grunur um kyrrkingu hafi vaknað við krufningu.

Rannsókn á andláti konu í Hafnarfirði snemma í apríl miðar einnig vel að sögn Margeirs Sveinssonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Sonur hinnar látnu hefur verið í gæsluvarðhaldi síðan hann var handtekinn á vettvangi, grunaður um að hafa stungið móður sína til bana með hniði. Hann er um þrítugt og sagður hafa átt við geð- og fíknivanda að stríða. – að

Hagræðing fólgin í því að fljúga með tollara austur

SEYÐISFJÖRÐUR Bæjarráð Seyðisfjarðar gagnrýnir uppsagnir starfsmanna Skattsins á Seyðisfirði. Á fundi bæjarráðs sem haldinn var á miðvikudag var staða tollvarðamála í bænum einnig til umfjöllunar en Norræna leggur að höfninni í Seyðisfirði.

„Það er með öllu óásættanlegt, að á sama tíma og sveitarfélög eru hvött til að spyrna við og skapa atvinnu á tímum COVID-19, eru útsvarstekjur

Seyðisfjarðarkaupstaðar rýrðar með því að leggja niður störf og færa þau til Reykjavíkur,“ segir í bókun bæjarráðs.

„Bæjarráð Seyðisfjarðar óskar eftir fundi með Skattstjóra eins fljótt og verða má til þess að fara yfir rökstuðning vegna aðgerðanna. Bæjarráð Seyðisfjarðar mótmælir þessum uppsögnum harðlega og hvetur Skattinn til að endurskoða þessa ákvörðun sína.“ – bb



Bæjarráð Seyðisfjarðar mótmælir uppsögnum harðlega. MYND/TOLLURINN

Sex af tíu eru með háskólapróf

Sex af hverjum tíu konum á aldrinum 25 til 64 ára á höfuðborgarsvæðinu eru háskólamenntaðar. Hlutfallið lægst meðal karla á landsbyggðinni. Formaður BHM segir fá tækifæri fyrir háskólamenntaða úti á landi.

SAMFÉLAG Sex af hverjum tíu konum á aldrinum 25 til 64 ára á höfuðborgarsvæðinu eru háskólamenntaðar en hlutfallið var 36 prósent árið 2003. Þetta kemur fram í nýjum tölum Hagstofunnar. Alls eru 45 prósent landsmanna á þessu aldersbili með háskólamenntun. 40 prósent kvenna á aldrinum 25 til 64 ára utan höfuðborgarsvæðisins eru með háskólamenntun sem er aukning úr 19 prósentum árið 2003.

45 prósent karla á höfuðborgarsvæðinu á þessu aldersbili eru með háskólapróf, aukning úr 32 prósentum árið 2003. Athygli vekur að um 23 prósent karla utan höfuðborgarinnar eru með háskólapróf en hlutfallið var 14 prósent árið 2003. Árið 2008 urðu háskólamenntaðir fleiri en þeir sem eru með grunnmenntun. Er nú um 21 prósent landsmanna með grunnmenntun sem hæsta menntunarstig, úr 34 prósentum árið 2003. Hlutfall þeirra sem hafa starfs- og framhaldsmenntun sem hæsta menntunarstig hefur haldist tiltölulega stöðugt, en það var tæp 38 prósent árið 2003 og rúm 33 prósent árið 2019.

„Þessar niðurstöður koma ekki á óvart. Það hefur legið fyrir í áratugi að konur hafa sótt sér háskólamenntun í mun ríkara mæli en karlar,“ segir Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður Bandalags háskólamanna. „Ég staldra við muninn á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni, þessar tölur benda til að það séu fá tækifæri fyrir háskólamenntaða á landsbyggðinni.“


Segir hún það áhyggjuefni að atvinnulífið sé ekki að þróast í takt við menntun vinnuafslins. „Atvinnulífið á Íslandi er of fábreitt, það vantar meiri fjölbreytni. Það þarf að halda úti og efla opinbera



Konur eru líkt og fyrri ár í meirihluta háskólamenntaðra. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Mannfjöldi eftir menntunarstöðu

Hlutfallsleg skipting samkvæmt ISCED 2011 staðlinum.



Atvinnulífið á Íslandi er of fábreitt, það vantar meiri fjölbreytni.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM



þjónustu, það sáum við í farsóttinni. Það vantar meiri nýsköpun í atvinnulíf, fjölbreyttari störf til að fólki geti nýtt menntun sína.“

Vífill Karlsson, dósent í hagfræði við Háskólann á Akureyri og ráðgjafi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, segir einn af ráðandi þáttum fyrir muninum á háskólamenntun kvenna og karla á landsbyggðinni trúlega launamun kynjanna, þegar til lengri tíma er litið. „Það hefur verið sýnt fram á að launamunurinn sé meiri milli karla og kvenna á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Þá hefur verið sýnt fram á að konur, vegna launamunarins, hagnist meira á því að sækja sér háskólamenntun,“ segir Vífill. „Ófaglærðir karlar eiga auðveldara með að komast í vel borguð störf en konur. Karlar eru frekar sjómenn og sækja frekar í störf í álverum.“

Vífill segir að arðsemin sé meiri við að bæta við sig menntun á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. „Þetta er alþjóðlegt mynstur, arðsemin við aukna menntun er meiri í borgum vegna þess að hvers kyns sköpun er þar meiri, afkoma atvinnulífsins betri, laun þar með hærri og fjölbreytni og sérhæfing vinnumarkaðarins meiri.“

arib@frettabladid.is

Dómari í málskostnaðarmáli Jóhanns Helgasonar hlustar ekki á lögmennina

DÓMSTÓLAR Ekkert verður af málflutningi í máli tónlistarmannsins Jóhanns Helgasonar í Los Angeles í Bandaríkjunum þar sem tekist er á um hvort hann þurfi að greiða málskostnað mótaðila sinna í laga-stuldarmálinu um Söknuð.

Málflutningurinn átti að vera í dag. Til stóð að lögmenn beggja aðila mættu í dómsal til að rökstyðja sjónarmið sín í málinu. Dómarinn gaf hins vegar óvænt út í fyrradag að hann þyrfti ekki á slíku að halda til að úrskurð í málinu.

Sami dómari vísaði í apríl máli Jóhanns frá dómi og biður áfrýjun á þeirri ákvörðun meðferðar hjá sérstökum áfrýjunardómstóli.

Í millitiðinni hafa lögmenn tónlistarfyrirtækjanna sem Jóhann stefndi, auk höfunda lagsins You Raise Me Up, farið fram á að hann greiði lögmannskostnað þeirra upp



Andre Birotte Jr. dómari í Los Angeles úrskurðar í málinu. MYND/AFP

» Ekkert verður úr boðuðum málflutningi lögmanna í deilunni um málskostnaðarkröfu á hendur Jóhanni Helgasyni.

á jafnvirði 48 milljóna króna. Þeirri kröfu lýsti lögmáður Jóhanns sem svívirðilegri í greinargerð til dómsins.

Eyþór Gunnarsson, hljómsveitarmeðlimur Mezzoforte, hvatti í gær tónlistarmenn um allan heim til að sameinast í stuðningi við Jóhann Helgason í máli tónlistarrisanna Universal og Warner gegn Jóhanni í Facebook-færslu. – gar

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

93.000 Íslendingar lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma **550 5050** eða sendu tölvupóst á **orn@frettabladid.is**.

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.



FRÉTTABLAÐIÐ – MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

VIÐ ELSKUM AÐ

GRILLA

25%
afsláttur

Grillleiðbeiningar

Til að fá góða skorpu og safaríkt kjöt, er best að setja álpappír undir kjötið. Við mælum með að grilla við háan hita fyrst, lækka hann svo smám saman og leyfa kjötinu að grillast við vægan hita. Lambalæri er best við 60-63°C kjarnhita og getur það tekið frá 1-2 klukkustundir að ná því. Fer eftir krafti grillsins. Látið kjötið standa í 10 mínútur við stofuhita áður en það er skorið.

Spennandi steikarsósur sem þú verður að prófa

Verð frá 499 kr/stk

Hagkaups grilllæri

2.174 kr/kg

Verð áður 2.899 kr/kg

25%
afsláttur

Nautasteik með trufflum og pipar

3.374 kr/kg

Verð áður 4.499 kr/kg

20%
afsláttur

Kjúklingabringur

2.039 kr/kg

Verð áður 2.549 kr/kg

15%
afsláttur

Alvöru borgarar úr íslensku Ribeye 2x120 g

1.104 kr/pk

Verð áður 1.299 kr/pk

15%
afsláttur

Ketó pizza 2 tegundir

1.274 kr/pk

Verð áður 1.499 kr/pk

199 kr/stk*
v.á. frá 279 kr/stk

KASSATILBOÐ

Þú velur 24 Ripped drykki að eigin vali

3.500 kr/ks

Verð áður frá 6.696 kr/ks

TILBOÐ

Mars og Snickers ís

599 kr/pk

Verð áður 999 kr/pk



Hagkaup.is
heim að dyrum

HAGKAUP

Tilboð gilda út 7. júní

*Ef verslað eru 24 stk

Creditinfo riftir samstarfi við innheimtufyrirtæki

NEYTENDUR Creditinfo hefur rift samningum við Almenna innheimtu. Getur innheimtufyrirtækið, sem hefur sinnt innheimtu fyrir smálánafyrirtækið eCommerce 2020, þar af leiðandi ekki lengur sett fólk á vanskilaskrá.

Danska fjármálaráðuneytið tilkynnti cCommerce2020 nýverið

til lögreglu vegna gruns um brot á lögum um peningabætti. Hefur starfsemin verið seld til Íslands.

Neytendasamtökin hafa undanfarið beitt sér gegn innheimtu smálánafyrirtækja hér á landi.

Brynhildur Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna, furðar sig á tímasetningunni.



Það má jafnvel spyrja hvort fólk sem hefur verið sett á vanskilaskrá að ósekju eigi ekki rétt á skaðabótum.

Brynhildur Pétursdóttir

„Við höfum átt í samtali við Creditinfo í eitt ár núna og furðum okkur á því að fyrirtækinu þyki í lagi að aðstoða smálánafyrirtækin í brotastarfsemi sinni.

Það er gott að Creditinfo hafi loksins slitið samstarfi við Almenna innheimtu en það hefði átt að gera fyrir löngu og þessi seinagangur

hefur kostað fjölda fólks háar upphæðir,” segir Brynhildur.

„Það má jafnvel spyrja hvort fólk sem hefur verið sett á vanskilaskrá að ósekju eigi ekki rétt á skaðabótum.“

Creditinfo vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað í gær. - ab



Bernhard Esau hrökklaðist úr embætti vegna málsins. MYND/AFP

Sér fram á handtökur á Íslandi fljótlega

DÓMSMÁL Ed Marondedze, staðgengill ríkissaksóknara í Namibíu, segir í samtali við Namibian Sun að hann búist við því að fleiri verði handteknir vegna spillingar- og mútumálanna í namibískum sjávarútvegi, sem komu upp á yfirbordið síðastliðið haust, á næstu vikum.

» Namibíska saksóknaranum hefur verið veittur lengri frestur til þess að rannsaka málið frekar.

Marondedze álitur að þær handtökur muni fara fram annars vegar á Íslandi og hins vegar í Angóla. Einstaklingar í Namibíu hafa verið handteknir vegna málsins en málið komst í hámbæli hér á landi vegna tengsla íslenska sjávarútvegsfyrirtæksins Samherja við málið.

Saksóknaraembættinu í Namibíu hefur verið veittur aukinn frestur til þess að rannsaka málið en málinu sem áður hafði verið frestað til 29. maí síðastliðinn og nú er stefnt að því að gefa út ákæru í lok ágúst næstkomandi. - hó

Umtalsverð fjölgun starfa í Vinnuskólanum í Kópavogi

Töluvert fleiri munu starfa hjá Vinnuskóla Kópavogs í sumar en fyrir ári. Fjölgunin er mest hjá elstu krökkunum en rúmlega tvöfalt fleiri sautján ára ungmenni verða við störf í bænum í sumar en í fyrra. Búist við að um 75 prósent ungmenna á aldrinum fjórtán til sautján ára verði í vinnu þar næstu mánuði.

ATVINNA „Við vorum með 930 börn hjá okkur í fyrra og erum með rúmlega 1.400 í ár,” segir Svavar Pétursson, verkefnastjóri hjá Vinnuskóla Kópavogs. Einhver fjölgun hafi verið síðustu ár en nú hafi orðið algjör sprengja.

Svavar finnur fyrir því að ungmenni sem hefðu í venjulegu árferði starfað á öðrum vettvangi leiti nú í auknum mæli til Vinnuskólans sem ráði alla umsækjendur á aldrinum fjórtán til sautján ára.

„Við höfum alltaf verið með háa prósentu af fjórtán ára krökkum hjá okkur en við erum líka með sautján ára krakka í Kópavogi. Þar erum við að sjá fjölgun úr þeim 120 sirka sem við vorum með í fyrra upp í 260.“

Samhliða rúmri tvöföldun í sautján ára hópnun hafi verið um 20 til 60 prósent fjölgun í öðrum árgöngum samanbúið við árið í fyrra. „Við sjáum fram á að fá 75 prósent allra barna á þessum aldri í Kópavogi til okkar í sumar.“

Fyrir Kópavogsbæ munar mestu um aukninguna í sautján ára hópnun sem fær borguð lágmarkslaun samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Kópavogs, eða 2.079 krónur á tímann.

Til samanburðar fá fjórtán ára tæpan þriðjung aflágmarkslaunum, fimmtán ára börn 40 prósent og sextán ára því sem nemur helmingi þeirra, að sögn Svavars.

Nýr kjarasamningur Starfsmannafélags Kópavogs og Sambands íslenskra sveitarfélaga var undirritaður fyrr á þessu ári og færði starfsmönnum Vinnuskólans kjarabætur til jafns við aðra.

Svavar segir að ákvörðun hafi verið tekin um að fækka vinnustundum hjá sautján ára úr 210 í 165 til að koma til móts við launa-



Erfiðara hefur reynst fyrir marga að finna störf í sumar en oft áður. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK



Við erum líka með 17 ára krakka í Kópavogi. Þar erum við að sjá fjölgun úr þeim sirka 120 sem við vorum með í fyrra í 260.

Svavar Pétursson

hækkanir og aukna ásókn. „Þau lækkuðu samt ekki í launum, við pössuðum okkur á því. Tekjutalan hækkaði hjá þeim þó tímafjöldinn hafi minnkað.“

Ljóst er að þessi mikli liðsauki mun skila sér í auknum kostnaði fyrir bæjarfélagið. „Ég reiknaði með 1.200 [starfsmönnum] fyrir fjórum vikum. Þá gerði ég ráð fyrir að launakostnaður hjá okkur kæmi til með að hækka um allt að 60 til 70 prósent miðað við árið í fyrra ef ég miða bara við aukninguna.“

Eins og áður segir hefur fjöldinn nú náð yfir 1.400 manns og því hægt að gera ráð fyrir að kostnaðaraukningin verði enn meiri.

Þrátt fyrir óvenju mikla ásókn ættu að vera næg verkefni fyrir alla að sögn Svavars. „Við erum í rauninni bara að búa okkur til verkefnin þessa dagana. Við reynum að vera í samstarfi við íþróttafélögin um að fá verkefni hjá þeim og síðan erum við bara að reyna að finna okkur verkefni alls staðar.“

eidur@frettabladid.is

Samkeppni mun ríkja um þjónustuna

FERÐAÞJÓNUSTA Samkeppnis-eftirlitið hefur veitt Kynnisferðum sem rekur flugrútuna og Airport Direct undanþágu til samnýtingar á bifreiðaflota fyrirtækjanna í ferðum milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins. Gildir undanþágan til áramóta en þörfin á samstarfinu verður endurmetin í lok ágúst.

„Auðvitað munum við endurskoða málin af okkar hálfu ef ferðamenn fara að koma til landsins í meira mæli og landamæri fara að opnast meira. Þá munum við reyna að sinna okkar viðskiptavinum eins og við getum sjálfir. Þetta er hugsað svona til að fara af stað,” segir Björn Ragnarsson, framkvæmdastjóri Kynnisferða.

Flugrútan hefur ekki keyrt frá því í lok mars en fjöldi farþega sem fór um Keflavíkurflugvöllinn í apríl dróst saman um 99 prósent frá síðasta ári. Um miðjan mánuðinn verður opnað á ferðir til Danmerk-



Við munum auðvitað bara reyna að þjónusta þessi flug því við viljum að þjónustan sé góð fyrir okkar viðskiptavini.

Björn Ragnarsson



ur og stefnir Ícelandair á nju flug í viku til Kaupmannahafnar. Fleiri áfangastaðir gætu svo best við eftir því sem aðstæður leyfa.

„Við munum auðvitað bara reyna að þjónusta þessi flug því við viljum að þjónustan sé góð fyrir okkar viðskiptavini. En að sama skapi þarf rekstrarumhverfið að vera í lagi. Þess vegna var hugsunin sú að fá undanþágu til að vinna þennan aksturshluta saman,” segir Björn.

Hann segir að áfram muni ríkja samkeppni um viðskiptavinina þótt þeir keyri með sömu rútnunni.

„Þegar við sjáum að það eru að fara koma ferðamenn til landsins þá munum við bjóða upp á þessa þjónustu. Við erum hlekkur í keðjunni til að koma ferðaþjónustunni af stað.“

„Svo erum við líka að skoða með Samkeppniseftirlitinu aðrar ferðir. Við höfum til dæmis verið í þessum hálendisferðum á sumrin inn í Landmannalaugar og Þórsmörk fyrir þá sem vilja ganga Laugavegin og Fimmvörðuháls.“

„Við höfum óskað eftir því við Samkeppniseftirlitið að mega vinna í samstarfi við TREX sem hafa líka verið með svona ferðir. Hér gildir það sama og með flugrútuna. Það er ekki búist við að fjöldinn verði það mikill að það geti verið rekstrarhæft fyrir tvo aðila að bjóða þessa þjónustu,” segir hann. sighthatur@frettabladid.is

Framhalds-aðalfundur

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. heldur framhaldsaðalfund sinn föstudaginn 19. júní kl. 14:00 á Háalofti, 8. hæð í Hörpu.

Dagskrá

Almenn aðalfundarstörf



HARPA



SUMARÍSINN

Mjúkis



— MED —
SUGRÆNNI LÍMÓNU
1L



Sumarísinn er vænn og grænn. Hann er svalandi á
sjóðheitum stundum og stútfullur af lokkandi límónu.
Smakkaðu — og þú kemst í sumarskap.



Stefan Löfven, forsætisráðherra á blaðamannafundinum í gær.

Svías geta ferðast án takmarkana

COVID-19 Stefan Löfven, forsætisráðherra Svíþjóðar, greindi frá því á blaðamannafundi í gær að þeim Svíum sem ekki eru smitaðir af COVID-19 verði heimilt að ferðast án takmarkana innan landsins frá og með 13. júní.

Sóttvarnastofnun landsins telur óhætt að treysta Svíum til að sýna ábyrgð í ferðalögum og halda nægri fjarlægð. Þrátt fyrir að lífið sé að komast í fyrra horf verður áfram bann við heimsóknnum á elli- og hjúkrunarheimili.

Tilfellum hefur fjölgað óverulega og 20 höfðu látist sólarhringinn fyrir fundinn. – hó



Murkowski situr á þingi fyrir Alaska.

Ekki viss um að kjósa Trump

BANDARÍKIN Lisa Murkowski, öldungadeildarþingmaður Repúblikanaflokksins frá Alaska, segir óvíst hvort hún styðji Donald Trump í forsetakosningunum. Sagði hún þetta eftir að hafa séð ummæli herforingjans James Mattis. Hann sagði Trump fyrsta forsetann í sinni lífstíð sem væri visvitandi að reyna að sundra þjóðinni.

„Ég á í erfiðleikum með þetta,“ sagði Murkowski. Hún mun starfa áfram með Trump og stjórninni en óvíst er hvorn hún kys í haust. – khg

Misskilningur að Sorpa eigi að skila hagnaði til eigenda

Tímabundinn framkvæmdastjóri Sorpu segist sannfærður um að GAJA, gas- og jarðgerðarstöð fyrirtækisins, valdi byltingu í umhverfismálum á höfuðborgarsvæðinu. Hann hafi skilning á efasemdaröddum um moltugerð úr óflokkuðu heimilissorpi en að það sé mögulegt því 70 prósent heimilissorps eru lifræn.

UMHVERFISMÁL Dr. Helgi Þór Ingason, prófessor við verkfræðideild HR, var ráðinn tímabundið til þess að taka við stöðu framkvæmdastjóra Sorpu fyrr á árinu. Verkefni hans er að leiða fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækisins.

Hann segist ekki hafa verið ráðinn til að rýna mistök sem gerð hafi verið í rekstri Sorpu undanfarin ár heldur sé það hans verkefni að líta til framtíðar og breyta fyrirtækinu til betri vegar. Þar er gas- og jarðgerðarstöðin GAJA stærsta verkefnið og segist Helgi vera sannfærður um að um byltingu verði að ræða þegar verksmiðjan verður opnuð þann 16. júní næstkomandi.

GAJA hefur verið afar umdeild. Kostnaður við verkefnið hefur farið um 1,5 milljörðum króna fram úr áætlunum og verklok hafa tafist. Þá hafa verið sett spurningarmerki við rekstrarhæfi verksmiðjunnar. Það segir Helgi að byggist á grundvallarmisskilningi.

„Það telja margir að markmiðið með GAJA sé að framleiða afurðir úr verksmiðjunni og koma þeim síðan í verð til þess að standa straum af stofn- og rekstrarkostnaði. Það er í rauninni bónus ef það tekst en það var þó aldrei ætlunin að stöðin stæði undir sér. Ég tel það í raun og veru frekar ólíklegt. GAJA er fyrst og fremst umhverfisverkefni og tilkomin vegna þess að eigendur fyrirtækisins ákváðu að hætta að urða sorp eins og gert hefur verið í áratugi. GAJA er því verðið sem við borgum til þess að hegða okkur eins og ábyrgt fólk í umhverfismálum.“

Í einfölduðu máli mun GAJA virka þannig að tekið verður við venjulegu heimilissorpi í sérstakri móttökumiðstöð í Gufunesi. Þar verður lifrænt efni flokkað frá og þaðan fer efnið upp í GAJA þar sem ætlunin er að framleiða úr því meltu og metangas.

Segja má að GAJA-verkefnið standi og falli með því að hægt verði að búa til nothæfa meltu. Á dögum-



Helgi Þór, sem er prófessor við HR, var ráðinn tímabundið sem framkvæmdastjóri Sorpu. FRÉTTABLAÐID/VALLI

Sparnaðurinn felst í því að þurfa ekki að urða efnið.

Helgi Þór Ingason, framkvæmdastjóri Sorpu

um birti Stundin ítarlega grein um málefni GAJA þar sem meðal annars er fullyrt að fjárfest hafi verið í úreltri tækni og að afar ólíklegt sé að hægt verði að búa til nothæfa meltu úr blönduðum heimilisúrgangi.

Helgi visar þessari gagnrýni á bug en segist hafa fullan skilning á efasemdaröddunum. „Það er eðlilegt að fólk setji spurningarmerki við að búa til meltu úr blönduðu heimilissorpi. Það er mögulegt því að heimilin eru mjög dugleg að flokka. Mælingar okkar sýna að um 70 prósent af heimilissorpi séu lifræn.“

Hann er sannfærður um að hægt verði að búa til meltu sem verður nothæf sem jarðvegsbætur. „Það mun þó ekki gerast á einni nóttu. Við munum þurfa að þróa ferlið og finnpússa það,“ segir Helgi.

Fyrst um sinn er fyrirhugað að nota moltuna í uppgræðslu á Álfsnesi og víðar á höfuðborgarsvæðinu en að sögn Helga er mikill áhugi á notkun vörunnar. „Við eigum meðal annars í viðræðum við Skógræktarfélag Reykjavíkur og Skógræktarfélag Íslands,“ segir Helgi. Moltan verði þó ekki seld og svo gæti farið að Sorpa þurfi að taka þátt í kostnaði við flutning hennar til afskekktari svæða. „Ég lít á það sem markaðsþróunarkostnað. Sparnaðurinn felst í því að þurfa ekki að urða efnið.“

Fyrir liggur að GAJA mun tvöfalda metanframleiðslu Sorpu á tímabili. Þó að Sorpa selji um 1,8

milljónir rúmmetra af gastegundinni í dag er stór hluti framleiðslunnar enn brenndur. Helgi segir að margir kostir séu varðandi notkun metans. Þar sé ekki aðeins um að ræða að nota gasið sem eldsneyti á bíla.

„Það eru margir aðrir raunhæfir kostir í stöðunni. Sem dæmi getum við framleitt rafmagn til eigin nota, við getum selt það til skemmtiferðaskipa sem ekki mega nota hefðbundið eldsneyti innan okkar lögsögu og að auki hafa erlendir aðilar sýnt áhuga á að flytja það úr landi með skipum. Við munum geta notað þessa afurð þó að sjálfsögðu munum við vilja fá sem hæst verð fyrir hana,“ segir Helgi.

Hann segist eiga von á því að til tíðinda dragi á næstu vikum varðandi sölu og notkun metansins. Nánar er rætt við Helga á vef Fréttablaðsins. bjornth@frettabladid.is

Þegar lífið færir þér sítrónu ...

Töfraðu þá fram

SUMAR DRYKK!

TÖFRABRAGÐ SÍTRÓNA Í SUMAR DRYKKINN

Fáðu töfra innblástur á [kronan.is/tofrar](https://www.kronan.is/tofrar)

KRONAN

www.kronan.is



Gerðu viðeigandi ráðstafanir

Á að hafa það notalegt og horfa á eitthvað gott í kvöld? Þú færð allt naslið og drykkina á næstu Kvikk-stöð Orkunnar.

Kvikk
ON THE GO

ORKAN

SKOÐUN

Dauðafæri



Hörður
Ágísson
hordur@frettabladid.is

Þetta átti ekki að vera hægt. Meginvextir Seðla-bankans eru nú aðeins eitt prósent – þeir voru 4,5 prósent fyrir rétt rúmlega einu ári – og Ísland er komið á svipaðar slóðir lágvaxtaumhverfis eins og þekkt hefur í okkar helstu nágranna-löndum um nokkurt skeið. Þetta eru nýmæli en sögulega séð hefur okkur reynst erfitt að beita vaxtataekinu til að örva eftirspurn í efnahagsþrengingum án þess að óttast hið þekkt stef gengisveikingar og í kjölfarið aukna verðbólgu.

Nú er öldin önnur. Ástæðurnar eru flestum vel kunnar. Á aðeins örfáum árum breyttist Ísland frá því að vera jafnan með viðvarandi viðskiptahalla í fjármagnsútflytjanda, byggði upp stóran gjaldeyrisforða á meiri hraða en dæmi eru um hjá nokkru öðru ríki, skuldir ríkissjóðs lækkuðu ört og urðu aðeins 30 prósent af landsframleiðslu, þjóðhagslegur sparnaður er í hæstu hæðum og eignastaða þjóðarþúsins við útlönd er jákvæð um 700 milljarða. Á þessum sterka grunn, sem varð einkum til vegna uppgangs ferðaþjónustunnar og stöðugleika-skilyrða sem kröfuhafar gömlu bankanna gengust undir, erum við í einstakri stöðu til að fást við þær efnahagslegu hamfarir sem hafa hlotist af sóttvarnaaðgerðum stjórnvalda.

Erfitt er að ofmeta þær miklu kjarabætur sem felast í lægri vöxtum fyrir meginþorra heimila. Í stað þess að reyna að sækja launahækkunar hjá atvinnurekendum, sem engin innstæða er almennt fyrir og mun aðeins auka enn frekar á atvinnuleysið, ættum því við fremur að horfa til þeirra auknu ráðstöfunartekna sem almenn-ingur er nú að njóta – og kunna að verða enn meiri – á grundvelli lækkandi vaxta. Breytilegir óverðtryggðir vextir bankanna eru nú um 3,5 prósent og hafa lækkað um liðlega helming frá árinu 2015. Fyrir venjulegt íslenskt heimili, sem er kannski með 30 milljóna íbúðalán, þýðir það um 80 þúsund króna lægri greiðslubyrði á mánuði en áður.

Geta bankarnir gengið lengra svo vaxtalækkunar Seðla-bankans skili sér enn betur til heimila – og fyrirtækja – en hingað til? Það veltur á ýmsu. Rekstur bankanna einkennist nú af útlánatöpum og erfiðum markaðsað-stæðum og því ljóst að ef þeir kjósa að ganga á vaxtamun-inn mun það bitna verulega á arðsemi þeirra sem var ekki burðug fyrir. Seðlabankinn gæti liðað þar fyrir með því að opna fyrir greiðari lausaffárfyrirgreiðslu, meðal annars með því að heimila endurhverf lánaviðskipti til nokk-urra ára gegn trygguðum veðum, þannig að bankarnir geti miðlað áfram því gríðarmikla fjármagni sem þeir sitja nú á til heimila og fyrirtækja á enn lægri vöxtum. Það ætti aftur að styðja verulega við viðspyrnu efnahagslífsins.

Er tímabil lágra vaxta komið til að vera? Það er að stórum hluta undir okkur sjálfum komið, ekki hvað síst þróun mála á vinnmarkaði. Haldist verðbólga áfram undir markmiði Seðlabankans, eins og allar forsendur eru fyrir hendi til, og vextir verða lágir þá munu heimili landsins halda áfram að færa sig úr verðtryggðum íbúða-lánum í óverðtryggð – nær öll ný íbúðalán bankanna síðustu misseri eru óverðtryggð – samhliða því að sá lánakostur verður hvað hagstæðastur. Slíkt afnám verð-tryggingarinnar, sem mun þá gerast af sjálfu sér en ekki með beinni iðlutun stjórnvalda, er af hinu góða og mun hafa þau áhrif að bæta miðlun peningastefnunnar. Við stöndum frammi fyrir sjaldséðu dauðafæri.



Slíkt afnám verðtrygg-ingarinnar, sem mun þá gerast af sjálfu sér en ekki með beinni iðlutun stjórnvalda, er af hinu góða og mun bæta miðlun peninga-stefnunnar.

Halldór



Frá degi til dags

Undarlegt

Morgunblaðið furðar sig á því að nú sé mótmælt á Austurvelli, í Bandaríkjunum og víðar þegar morðalda hafi staðið lengi yfir í Chicagoborg og þar ráði „góðir Demókratar“. Er sagt að borgin beri titilinn „morðaborg Bandaríkjana“. Allt þetta verður að teljast undarlegt í meira lagi í ljósi þess að morðhlutfallið í Chicago er innan við helmingur þess sem er í St. Louis og Balti-more. Margar fleiri borgir hafa herra hlutfall. Vissulega stýra Demókratar Chicago eins og langflestum stórborgum Banda-rikkjana. Þegar litið er til fylkja þá er morðtíðnin hæst í Suður-rikkjunum, vögu Repúblikana-flokksins. Repúblikanaflokkur-inn er vitaskuld sá flokkur sem hefur varið byssueign almenn-ings með kjafti og klóm.

Sami barinn

Klausturbar heyrir sögunni til. Ekki þó staðurinn heldur nafnið. Það hefur líklega fáum tekist að gleyma því sem þar fór fram fyrir um einu og hálfu ári. Líklega hefur staðurinn ekki borið sitt barr síðan úr því finna þurfti nýtt nafn. Aldamót skal hann heita. Það er soldið fyndið þegar haft er í huga að raddirnar sem ómuðu þaðan í nóvember árið 2018 og munnsöfnuðurinn var eins og aftur úr grárri forneskju. Sann-kallaðir aldamótamenn. Altsvo aldamótin 18 og 19 hundruð. Til hamingju með nafnið Aldamót. kristinnhaukur@frettabladid.is

Stokkum spilin



Hildur
Björnsdóttir
borgarfulltrúi
Sjálfstæðis-
flokksins í
Reykjavík



Síðustu mánuðir hafa sýnt hve sveigjanleikinn getur aukið lífsgæði og létt á umferðarálagi. Aðgerðin er einföld og kostar skattgreiðendur ekkert.

Árið 1926 fækkaði framsýnn kapítalisti, Henry Ford, vikulegum vinnudögum í verksmiðjum sínum úr sex í fimm. Þar með innleiddi hann fjórtíu stunda vinnuviku sem var sá nákvæmi tíma-fjöldi sem Ford taldi nauðsynlegan svo framleiða mætti bifreiðar í samræmi við eftirspurn. Fjórtíu stunda vinnuvikan var svo lögleidd í Bandaríkjunum árið 1940 en hérlandis árið 1971.

Síðan eru liðnir fjölmargir áratugir. Heimurinn hefur tekið ótrúlegum breytingum. Vélvæðing, tölvuvæðing, snjallvæðing og netvæðing hafa gjörbreytt umheim-inum – en áfram miðar vinnuumhverfi samtímans við framleiðsluferli Ford bifreiða árið 1926. Það er heilbriggt að velja því upp hvers vegna vinnudagur samtímans er enn átta stundir. Hvers vegna netvæðing hefur ekki leitt til aukinnar fjarvinnu. Hvers vegna vinnu má ekki stundum mæla í afköstum fremur en klukkustundum. Hvers vegna landsmenn hefji flestir sinn vinnudag um sama leyti.

Á tímum samkomubanns dró verulega úr umferðar-töfum í Reykjavík. Vinnustaðir buðu sveigjanlegri vinnutíma og möguleikum til fjarvinnu fjölgaði. Mörgum urðu ljós þau gífurlegu tækifæri sem felast í auknum sveigjanleika, ekki síst svo draga megir úr umferðarálagi. Samtök iðnaðarins áætluðu að 15% minni umferðartafrir gætu skilað fólki og fyrirtækjum 80 milljarða króna ábata á örfáum árum. Þá eru ótalin þau auknu lífsgæði sem felast í greiðum samgöngum. Svo unnt verði að standast skuldbindingar Parísar-samkomulagsins þarf að minnka mengandi umferð um 5% árlega – það samsvarar 6,7 km akstri á hvern íbúa vikulega. Þessu markmiði mætti hæglega ná með þeirri einföldu aðgerð að tryggja starfsfólki einn fjarvinnu-dag vikulega. Ávinningurinn er margvíslegur.

Nú er lag að hefja viðræður við stærstu vinnustaði borgarinnar um sveigjanlegri vinnutíma. Síðustu mánuðir hafa sýnt hve sveigjanleikinn getur aukið lífsgæði og létt á umferðarálagi. Aðgerðin er einföld og kostar skattgreiðendur ekkert. Nú er kominn tími til að endurskoða þau kerfi sem við höfum skapað samfélag-inu – og kanna hvort þau séu raunverulega að þjóna okkur. Nú er kominn tími til að stokka spilin!

NÝBAKAÐ
BRAUÐ
ALLA DAGA

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00
www.bjornsbakari.is

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMADUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir RITSTJÓRI: Jón Þórisson jon@frettabladid.is, FRÉTTASTJÓRAR: Ari Brynjólfsson arib@frettabladid.is, Garðar Örn Úlfarsson gar@frettabladid.is MARKADURINN: Hörður Ágísson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ IS: Kristján Kormákur Guðjónsson kristjon@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 180.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Björk Eidsdóttir bjork@frettabladid.is MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Arnason sfa@frettabladid.is

Ameríski draumurinn

Í DAG



Þórlundur Kjartansson

Þæringinn Fallbrook er velmegandi staður í hliðum Kaliforníu milli Los Angeles og San Diego. Veðurfarið er einstaklega gott. Ávextir vaxa án fyrirhafnar á trjánum. Sólin bakar vínviðinn í hliðunum og fólkið er andlitsfritt, velsældarlegt og amerískt í gegn.

Fyrir fjórum árum, skömmu áður en Donald Trump var kjörinn forseti, var ég þar um hásumar í eina viku. Við dvöldum í afskekktu húsi uppi í gróinni í hlið. Þar var stórt grill og stórt sjónvarp. Hengirúm milli trjáa og nokkuð langt í næstu nággranna. Þarna mátti njóta þess að vera nokkurn veginn algjörlega í friði. Þetta var kannski ekki alla leiðina fram í heiðanna ró, því Amazon kunni að flytja varningin heim að dyrum og heimreiðin að húsinu var nægilega breið fyrir skriðdreka, en þarna fann einhver sér bólstað og útbjó hann til útleigu á Airbnb til að standa straum af afborgunum lánsins. Við nutum góðs af því og þar var ögleymanlegt að dveljast með ómetanlegum vinum.

Það vakti athygli að þegar maður nálgaðist þessi friðsælu hús þá

gerðist það nánast án undantekningar að árasargjarnir vígahundar ruku í áttina að lóðamörkunum og létu öllum illum látum, geltu og góluðu eins og þeir væru tilbúnir til þess að rífa mann á hol. Garðarnir voru stórir og afmarkaðir með háum girðingum og oftast nær voru nokkrar raðir af trjám til viðbótar sem skýldu sjálfu íbúðarhúsinu. Það var því alls ekki eins og maður væri kominn með nefið ofan í hálsnál nággrannanna þegar varðhundarnir byrjuðu að gelta. Þessi ógnvekjandi hegðun hundanna gerði það að verkum að það var ekki beinlínis aðlaðandi að fara í göngutúra um náttúruna í nánasta umhverfinu. En meðan maður hélt sig inni á sinni eigin lóð var prýðilega kyrrsælt.

Rautt, hvítt og blátt

Við fórum þessa ferð í byrjun júlí og eins og flestir vita þá fagna Bandaríkjamenn þann 4. júlí því að tilheyra bestu, ríkustu og frjálsustu þjóð veraldarsögunnar. Og í bæ eins og Fallbrook, þar sem svo margir sigurvegarar ameríska draumsins búa, virtist það ekki óeðlilegt að aðalhátiðarhöldin væru skipulögð af verslunarráði bæjarins. Reyndar fannst okkur Íslendingunum skipulagið helst til sérstakt þar sem við komum í steikjandi hitanum niður í Grand Tradition Park. Löng biðröð var eftir því að komast inn í garðinn, enda þurfti að skoða vel ofan í töskur og bakpoka gestanna. Fallbrook er nefnilega ekki einn af þeim stöðum sem lætur sitt eftir

liggja þegar kemur að árvekni gegn alþjóðlegum hryðjuverkum.

Öryggisráðstafanirnar komu okkur svosem ekkert á óvart, og satt best að segja virtust þær vera framkvæmdar fyrst og fremst af skyldurækni. Ætli það hafi ekki verið samdóma álit þeirra sem horfðu yfir gestahópin að enginn þar liti út fyrir að vera líklegur til að fremja hryðjuverk. Það sem kom okkur ógn meira á óvart var að það kostaði að lágmarki 25 dollara inn á svæðið, en hægt var að fá miða allt að 150 dollurum. Sú verðlagning varð sérstaklega grunsamleg þegar við komum inn á svæðið og í ljós kom að fremur fátt var um fina drætti hvað varðaði aðbúnað og skemmtiatriði. Fólkið sjálft var skrautlegast þar sem fjölmargir höfðu klætt sig upp í þjóðræknislega skrautbúninga – blátt, hvítt og rautt, með glitrandi stjörnglímmer á pípuhöttum úr plasti – nánast eins og beint út úr söngtexta Creedence Clearwater Revival:

*Some folks are born to wave the flag
Ooh, they're red white and blue.
And when the band plays "Hail to the Chief"
Ooh, they point the cannon at you, Lord.*

Og það var spilað Hail to the Chief og þjóðsöngurinn—og marseringar hljómuðu um lystigarð hinna mikilfenglegu hefða. Reyndar var ekki mikið við að vera, þannig séð. Flest sætin voru tóm fyrir framan sviðið. Börnin gátu farið í langa röð

til þess að fá að hoppa í nokkrar mínútur í litlum hoppköstulum undir vökulum augum öryggisvarða og foreldra. Það var ekki hægt að meiða sig á neinu tæki og eiginlega ekki hægt að skemmta sér heldur. Satt best að segja voru þetta alveg ævintýrilega bragðdauf og leiðinleg hátiðarhöld. En vissulega verður að teljast þeim til tekna að þau voru mjög örugg; bæði í ljósi slysaþættu í leiktækjum og hryðjuverkaógnar. Meintur hápunktur hátiðahaldanna var flugeldasýning, en sökum þess hversu mikið okkur leiddist inni á svæðinu ákváðum við að yfirgefa „gleðina“ áður en kom að þeim. Við ættum hvort sem er að geta séð þessa flugelda hvar sem við værum í bænum.

Hin hátiðin

Þegar við höfðum komið okkur út úr garðinum ókum við út af bíla-stæðinu og út á götu. Þar blasti við áhugaverð sjón. Fleiri en við höfðum gert sér grein fyrir að erfitt væri að fela flugeldana fyrir þeim sem ekki tímdu að borga aðgangseyrinn. Á tömu bílastæði nálægt einni verslunarmiðstöðinni höfðu hundruð annarra bæjarbúa komið sér fyrir og sett upp sína eigin hátið, þar sem var grillað, drukinn bjór, sungið og dansað. Krakkarnir klifruðu hjálmlaus í trjám og fullorðna fólkið hló og faðmaðist. Þar leit út fyrir að vera stuð.

Þetta fólk fagnaði sömu hátið og gestirnir í garðinum og horfðu á sömu flugelda. En það var öðruvísi á litinn, líklegast flest ættað frá Mexíkó. Þarna var það nefni-

lega komið – fólkið sem hafði það hversdagslega hlutverk að stjarna við hátiðargesti í Grand Tradition garðinum, fólkið sem afgreiddi í búðunum, keyrði út Amazon-pakkana, skeindi smábörnum og gamalmönnum og var algjörlega ómissandi fyrir alla daglega starfsemi í bænum.

Þegar við sáum þetta fórum við að skilja betur hina grunsamlegu verðlagningu á hátiðarhöldin sjálf. Það var erfitt að verjast þeirri hugsun að tilgangurinn með hinum háa aðgangseyri væri í raun sá nákvæmlega sami og með hundunum í bakgörðum sumarhúsanna í hliðinni: Að undirstrika að þarna væru tvö og aðskilin samfélög.

Land tækifæranna

Það var í raun átakanlegt að sjá það með svona skýrum hætti hversu óttasleginn hinn velmegandi hluti samfélagsins var. Varðhundarnir voru þjálfaðir til þess að ógna öllum sem nálgudust húsin—hvort sem þeir væru þangað komnir til að rétta hjálparhönd, biðja um hjálp eða eitthvað allt annað. Og svo virtist sem skipuleggjendur hátiðarhaldanna ættu erfitt með að sjá fyrir sér að það gæti verið skemmtilegt að blanda smá mexíkönskum bjór, dansi og hlátri saman við fánahyllinguna og kandiflossið. Þótt Bandaríkin séu að svo miklu leyti sannarlega land mikilla efnahagslegra tækifæra, þá eru þau því miður líka oft land þar sem önnur og mikilvægari tækifæri til aukinna lífsgæða fara forgörðum.



FM957

BRENNISLAN

ALLA VIRKA DAGA KL. 7-10

f FM957

FM957

Merkisatburðir

- 1915** Danmörk breytir stjórnarskrá sinni til þess að veita konum kosningarétt.
- 1920** Brjóstsykursgerðin Nói hefur starfsemi í kjallara við Túngötu í Reykjavík.
- 1924** Ernst Alexanderson sendir fyrsta símbréfið yfir Atlantshaf. Það er bréf til föður hans í Svíþjóð.
- 1956** Elvis Presley kynnir nýja smáskífu sína, Hound Dog, í sjónvarpinu og hneysklar áhorfendur með mjaðma-hnykkjum sínum.



Faðir okkar, afi og langafi,
Guðmundur W. Vilhjálmsson
lögfræðingur og
fyrrv. deildarstjóri,

lést á Vífilsstöðum 26. maí síðastliðinn.
Útförin verður auglýst síðar.

María Kristín Guðmundsdóttir
Guðmundur Thor Guðmundsson
Sara María Grau **Anders Grau**
Vilhjálmur W. Birgisson
Nína Júlía Machon
Martin Machon



Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir og amma,
Elín Ebba Skaptadóttir

húsmóðir, Forsölum 1,

lést á Landakotsspítala
þriðjudaginn 2. júní.
Útförin fer fram frá Lindakirkju
miðvikudaginn 10. júní kl. 13.00.

Jóhannes Viðir Haraldsson
Skapti Jóhannesson
Haraldur Jóhannesson
Hólmfríður Sigurðardóttir
Soffía Guðrún Gísladóttir
Jökull Trausti
Matthías
Kristófer Viðir
Ásdís Elín
Jóhanna Kara
Fróði



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma, langamma og
langalangamma,

Vigdís Ragnheiður Viggósdóttir

Katrínarlind 6,

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu við
Sléttuveg, laugardaginn 23. maí síðastliðinn. Útför fer
fram frá Seljakirkju mánudaginn 8. júlí klukkan 15.00.

Finnbogi Guðmundsson
Kristín Finnbogadóttir **Kristinn Magnússon**
Skúli Finnbogason
Rafn Finnbogason **Guðrún Hildur Pétursdóttir**
Guðrún Finnbogadóttir **Hörður Þórarinn Magnússon**
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



Hjartkær maðurinn minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Sigurjón Á. Fjeldsted
fyrrv. skólastjóri,

lést á líknardeild Landspítalans,
þann 30. maí, 2020.

Ragnheiður Óskarsdóttir Fjeldsted
Ragnhildur Fjeldsted **Einar Sveinn Þórðarson**
Júlíus Fjeldsted **Áslaug Salka Grétarsdóttir**
Ásta Sigríður Fjeldsted **Bolli Thoroddsen**
og barnabörn.



Lýður stendur stoltur við Charles Cadby gripinn góða sem er frá árinu 1855 og því með elstu pianóum Íslands.

Víðförult Charles Cadby pianó aftur komið í Húsið

Lýður Pálsson, safnstjóri Byggðasafns Árnesinga, hélt lengi vel að elsta pianóið í Húsinu á Eyrarbakka væri komið til síns heima. Síðar kom í ljós að annað, eldra pianó hefði verið til í Húsinu fyrir miðja 19. öld. Pianóið er nú komið aftur til Hússins.

Þegar ég var lítill strákur heimsótti ég Byggðasafnið á Selfossi. Þar var flottasti gripurinn stórt og mikið pianó sem var sagt úr Húsinu á Eyrarbakka,“ segir Lýður Pálsson, safnstjóri Byggðasafns Árnesinga. „Pianóið var falskt og enginn mátti koma við það, safnstjórinn var mjög harður á því.“

Árið 1992 tók Lýður við störfum á Byggðasafni Árnesinga, en sama ár var ákveðið að safnið skyldi flutt í Húsið á Eyrarbakka, og pianóið góða færi aftur til síns upprunalega heima. En áður fór það í viðgerð til Guðmundar Stefáns-sonar hljóðfærasmíðs í Reykjavík. Hann gerði það upp og komst að því að það væri frá árinu 1871. Þegar Húsið var tilbúið eftir viðgerðir Þjóðminjasafnsins árið 1995 komst pianóið því aftur heim. „Ég hélt alltaf að þetta væri elsta pianóið frá tímum faktóranna,“ segir Lýður.

Um aldamótin síðustu komst Lýður hins vegar yfir sjálfævisögu Hans B. Thorgrimsen sem fæddist í Húsinu árið 1853. Í henni greinir Hans frá því að það



Það er reyndar þínu falskt, en það er vel hægt að spila á það ragtime músik þótt það sé komið til daga sinna.

hafi verið pianó í húsinu þegar hann ólst þar upp sem væri eldra. „Ég gerði einfaldlega ráð fyrir því á þeim tíma að það væri ekki lengur til,“ segir Lýður.

Enn liður tíminn og síðasta maí fær Lýður upphringingu frá Glúmi Gylfasy-nyi, gömlum kennara sínum og söng- stjóra Selfosskirkju, sem sagði honum frá því þegar hann hitti safnvörð Byggðasafnsins á Selfossi á sjötta ára- tugnum. „Safnvörðurinn talaði þá við

